

Viðauki 2

Fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd í þjónustu Reykjavíkurborgar

Vísað er til upphaflegs þjónustusamnings milli Útlendingastofnunar og Reykjavíkurborgar frá 1. apríl 2021 um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd. Með aðilaskiptum að samningnum dags. 23. júní 2022 tók Vinnumálastofnun yfir samningsskuldbindingar Útlendingastofnunar frá og með 1. júlí 2022.

Í 3. gr. framangreinds samnings er kveðið á um að þjónustuaðili taki að sér að veita allt að 220 umsækjendum þjónustu og húsnæði í senn og taki þjónustuaðili við einstaklingum, fjölskyldum og þörum. Þá segir í ákvæðinu að reynist nauðsynlegt að fjölga umsækjendum í þjónustu er heimilt að gera viðauka um stækkun samnings upp í allt að 300 umsækjendur.

Með viðauka þessum samþykkja Vinnumálastofnun og Reykjavíkurborg að nýta sér áður nefnda heimild 3. gr. samningsins og fjölga umsækjendum um alþjóðlega vernd í þjónustu Reykjavíkurborgar upp í allt að 300 umsækjendur.

Fjölgun umsækjenda skv. viðauka þessum leiðir til breytinga á heildarfjárskuldbindingu 4. gr. samningsins. Heildarfjárskuldbinding Vinnumálastofnunar frá 1. febrúar 2023 til 30. nóvember 2023 vegna viðauka þessa er að fjárhæð 248.175.667 kr. sem hlutfallast niður á 10 mánuði og miðar við vísitölu neysluverðs í desember 2022. Heildarfjárskuldbinding miðast við 100% daggjald fyrir 300 umsækjendur í þjónustu og 100% fastagjald.

Að öðru leyti helst samningur milli aðila óbreyttur.

Reykjavík, XX. janúar 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Vinnumálastofnunar